

89

15. ágúst

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Bræðratungu-hverfis í Biskupstungnahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

90

18. ágúst

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Vatnsnesinga.

1. Félagið heitir Veidifélag Vatnsnesinga. Heimili þess og varnarþing er Þorgrímsstaðir, V.-Húnavatnssýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Tjarnará og Þorgrímsstaðaá til upptaka, en þær eru Gnýsstaðir, Tjörn I, Tjörn II, Tunga, Ásbjarnarstaðir I, Ásbjarnarstaðir II, Þorgrímsstaðir og Engjabrekka.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að starfrækja aðeins stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í marz—aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi

Þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. **90**

18. ágúst

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. ágúst 1961.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

91

18. ágúst

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún nr. 13 12. janúar 1950.

1. gr.

c-liður 21. greinar orðist þannig:

Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjaldi samkv. 20. gr.), skulu greiða 40 aura af hverri brúttórúmllest í hvert skipti er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura af brúttórúmllest, þó ekki oftast en einu sinni í mánuði.

2. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 22. greinar komi:

Vélbátar 12 rúmllestir brúttó, og minni, eign manna búsettra á Hofsósi, greiði kr. 30.00 á ári.

3. gr.

a-liður 27. greinar reglugerðarinnar falli niður og aðrir stafliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

4. gr.

30. gr orðist þannig:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Kol, salt, áburður, kornvörur, fóðurvörur, garðávextir, hey, saltfiskur, frosinn fiskur, ísvarinn fiskur, frosin síld, fiski- og síldarmjól.
2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Sement, járn, járnvörur, byggingarvörur aðrar en timbur, ótaldar annars staðar, tvistur, pokar, fiskumbúðir, mjólk.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Brennsluolía, benzín, smurolía.